

1865.

18. febrúar.

til þess að hann geti bætt þau, svo nokkru muni. Vegna þessa hefir stjórnarráðið ihugað, hvort ekki mætti haga þessu á annan hátt, og þá sérílagi svo, að öllum vöxtunum af sjóði þessum sé á ári hverju varið handa prestastéttinni í stað þess að nokkrum hluta þeirra hingað til hefir verið bætt við innstæðuna, svo að hún nú er orðin hérumbil 6500 rd., og að vöxtunum 260 rd., sem verja mætti á hverju ári, sé skipt niður einungis á 3 eða 4 allralökustu brauðin í norðurumdæminu. Með því móti mundu tekjur þeirra aukast ekki alllítið, og mundu þá að líkindum fleiri verða til að sækja um þau.

Áður en lengra er farið úti þetta mál, eruð þér, háæruverðugi herra, beðnir um að taka það til ihugunar, og eptir að þér hafið ráðfært yður við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu, að skýra stjórnarráðinu frá álit yðar um það.

**14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hvað til þess þurfi, að útlend skip fái einkunn innlendra skipa.** 22. febrúar.

Dómsmálastjórnin hefir í dag ritað Thómasi W. Roys og G. A. Lillindahl, hvalaveiðamönnum frá Nýju-Jórvík, á þessa leið:

„Í bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. skýrði dómsmálastjórnin yður auk annars frá, að aðaltollstjórninni hefði verið skrifað til um það, hvað útheimtist frá yðar hálfu til þess, að skip þau, sem þér ætlið að hafa til hvalaveiða við strendurnar á Íslandi, fengju einkunn innlendra skipa.

Útaf þessu hefir aðaltollstjórnin skýrt frá, að hún sé á sama máli og dómsmálastjórnin um það, að ekki beri samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838, 49 gr. stfl. d, að greiða adkaupsgjald af skipum þeim, sem þér ætlið að koma með frá útlöndum til Íslands til þess að hafa þau til veiða þeirra, sem fyr var um rædt, meðan að þau einungis eru notuð til þessa áforms, og að, ef að þér æskið þess, að þau álitist dönsk

1865.  
22. febrúar. eign og verði aðnjótandi sömu réttinda og dönsk skip, eigi að útvega danskt skýrteini um lestatal þeirra og brenna á þau danskt mark.

Þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar<sup>1</sup>.

Þetta er yður hér með kunngjört, herra amtmáður, til framhalds bréfi dómsmálastjórnarinnar dagsettu 21. nóvembermán. f. á.<sup>1</sup>

23. febrúar. **15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um tilhögun á tekjum spítalanna.**

Híð síðasta alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá, sem hingað hefir verið send og prentuð er í alþingistíðindunum 1863 I, 418.—422. bls., meðal annars beðið um, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því sem alþingi áður hefir bent á.

Útaf þessu skoradi dómsmálastjórnin í bréfi dags. 29. júnímán. f. á. á stiptamtanninn og biskupinn á Íslandi, að ganga í nefnd með dr. Hjaltalín, jústitsráði og landlækni, og Halldóri Friðrikssyni skólakennara, en það voru þeir sem höfðu breyft málinu á síðasta alþingi, til þess að íhuga bæði það, hvort ástæða væri til að gjöra nýjar ákvarðanir um, hvernig heimta skuli saman spítalahluti þá, sem nú eru, og hvernig eigi að verja þeim í peninga, og hvort þá ætti að gefa samkynja ákvarðanir fyrir öll þrjú ömtin eða sérstakar fyrir hvert fyrir sig, og líka hitt, hvort ástæða væri til að leitast við að útvega spítalaskýrteini nýjar tekjur, t. a. m. af þilskipum, selveiði, lunda-tekju, æðarvarpi og fleiru þesskonar. Dómsmálastjórnin skrifadi stiptsýfirvöldunum þar að auki til 25. ágústmán. f. á. um að láta einnig það atviki koma til umræðu í nefndinni, hvort ekki mundi vera ástæða til, einkum ef gefnar væru samkynja ákvarðanir um spítalahlutina fyrir öll ömtin, þá að gjöra þá breytingu

<sup>1</sup>) Smbr. 112. bls. hér að framan.